

**31. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna
18. – 19. október 2019 á Akureyri**

Spurningar sem voru eftir í fyrirspurnartíma

Lýðræði á vinnustöðum

1. Er fulltrúinn sem er í stjórn, starfsmaður fyrirtækisins eða kemur hann frá stéttarfélaginu?

Oftast er gerð sú krafa að viðkomandi sé starfsmaður fyrirtækisins þó að það sé ekki einhlítt. Mjög oft er hann jafnframt fulltrúi stéttarfélags síns á vinnustaðnum, ekki síst á Norðurlöndum. En aftur, það er ekki einhlítt. Það er mjög ólíkt á milli landa hver fulltrúinn er og hvernig hann er.

2. Við gerð þessarar könnunar, var skoðað fyrirtæki sem eru í algjörri eign starfsmanna?

Nei, hér var eingöngu verið að skoða fulltrúa starfsmanna í fyrirtækjum þar sem þeir eru ekki hluthafar.

3. Er það þannig að í pólandi eru nýlega einkavædd fyrirtæki með stjórnarsetu starfsmanna - getur þú talað aðeins um það?

Það hafa nýlega verið gerðar breytingar á réttinum til stjórnarsetu starfsmanna í Póllandi en ég hef því miður ekki nægar upplýsingar um það að svo stöddu til að fjalla um það.

4. Gæti verið skýring að hluta til að stéttarfélagsaðild er meiri hér og þar er meiri völd í verkalýðshreyfingunni?

Stéttarfélagsaðild er einnig mikil á Norðurlöndum (þó hún sé ekki eins mikil og hér) og þar hafa stéttarfélögin sterka stöðu og völd, en þar er rétturinn til stjórnarsetu starfsmanna.

31. þing Landssambands ísl. verzlunarmanna 18. – 19. október 2019 á Akureyri

5. Er raunhæft að koma á vinnustaðalýðræði án þess trúnaðarmenn gegni svo mikilvægu hlutverki. Þ.e. með beinni aðkomu starfsfólks?

Í sumum löndum þar sem réttur til stjórnarsetu starfsmanna er til staðar er staða stéttarféлага ekki eins sterk og hún er hér. Bein aðkoma starfsfólks er þá kannski í gegnum samstarfsráð eða á öðrum vettvangi og þaðan í stjórn. Hér má sjá ítarlegar upplýsingar um lýðræði á vinnustað og hvernig því er háttað í mörgum löndum Evrópu: <http://www.worker-participation.eu/National-Industrial-Relations/Across-Europe>

6. Er líklegt að BLER verði lögleitt á Íslandi á næstunni?

Því er erfitt að svara, það verður tíminn að leiða í ljós.

7. Hvernig rímar það við eignarréttarákvæði stjórnarskrár að starfsmenn geti hlutast til um t.d. fjármálaákvæðanir og eignatengdar ákvæðanir í fyrirtækjum sem aðrir eiga?

Eignarréttarákvæði stjórnarskráa í nágrannalöndunum er svipað og hér og þar er réttur til stjórnarsetu starfsmanna.